



# Fréttabréf Byggiðnar

MARS 2022 14. ÁRG. 1. TBL.



## „Ég er fædd í þetta“

Sóley Rut Jóhannsdóttir fann sína fjöl í smíðanámi.

Hún er fyrsta konan í 123 ára sögu félagsins tekur sæti í stjórn. → 6

MYND: SAGA SIG

## Aðalfundur Byggiðnar 24. mars → SJÁ BAKSIÐU

### Hættur eftir 53 ár

Jens Karel Þorsteinsson vann hjá borginni allan starfsferilinn.

→ 3



### 134 nöfn yfir hefla

Safnstjóri Iðnaðarsafnsins hefur mikið dálæti á tréheflum.

→ 4-5



## Orlofsblað Byggiðnar 2022

Ætlar þú að sækja um orlofshús eða nýta þér niðurgreidda ferðaávísun? → 8-15

# Kjósom um stóru málin

Undirritaður sat nýlega á fundi þar sem fulltrúi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fór yfir stöðu íbúðamarkaðarins. Þar kom fram að áætluð íbúðaðörf á landinu öllu væri 3.500 til 4.000 íbúðir á ári næstu fimm árin, ef uppfylla ætti þörf og vinna upp íbúðaskort. Eftir það þyrfti riflega 3.000 íbúðir árlega til ársins 2030.

Við þetta bætast fyrirhugaðar stórförumkvæmdir á landinu. Nægir þar að nefna Hvammsvirkjun í neðri hluta Þjórsár og áform um virkjanir á Vestfjörðum. Fleiri mannaflsfrekar framkvæmdir eru í farvatninu, svo sem að setja Miklubraut í stökk og uppbygging Borgarlínu og annarra stórra samgöngumannvirkja.

Þessi staða sýnir að gífurleg eftirspurn verður eftir byggingamönnum á næstu árum. Nú þegar eru verkefni þeirra ærin og þegar við blasir að stórir aldurshópar iðnaðarmanna fara á eftirlaun á næstu 10 árum dekkist myndin.

## Annar hver fær synjun

Sú staðreynd að verulegur skortur er á iðnaðarmönnum hefur legið fyrir í nokkurn tíma. Grettistaki hefur verið lyft í að kynna iðnstörf og kosti þess að læra til iðngreina.

Eftir mikið samdráttartímabil á árunum eftir hrún hefur eftirspurnin eftir iðnnámi aukist hratt. Framboðið hefur hins vegar ekki fylgt með. Síðastliðið haust var greint frá því að Tækniskólinn hefði þurft að hafna umsóknum 700 einstaklinga um nám í byggingagreinum. Það var um helmingur allra umsókna í þessar greinar.

Skólameistari Tækniskólans sagði í viðtali við Byggið síðla árs 2020 að skólinn hefði gert það sem hann gæti til að taka við fleiri nemendum. Dagskólanemendum í húsnæði, pípulögnum, málun og múrið fjölgaði um 64% á árunum 2018 til 2020. „Við erum að stækka og þenja okkur eins og við ráðum vel við,“ sagði Hildur Ingvarsdóttir skólameistari.



Finnþjórn A. Hermannsson  
formaður Byggiðnar

„Nú er tækifæri til að tala fyrir hlutum sem skipta máli; að skapa samfélag eins og þú, ágæti félagi, vilt hafa það“

## Uppbygging fyrir iðngreinar nauðsynleg

Þrátt fyrir viðleitni Tækniskólans og annarra skóla sem kenna iðngreinar blasir við að brýn þörf er á að byggja upp skólakerfi sem getur annað þeirri miklu eftirspurn sem er eftir iðnnámi. Það er algjörlega ótækt að á sama tíma og þörfin fyrir fagfólk í iðnaði vex dag frá degi skuli öðrum hverjum einstaklingi sem sækir um nám í bygginga-

greinum vera vísað frá. Í þeim hópi eru fjölmargir sem hafa lokið öðru námi og/eða búa að starfsreynslu í byggingagreinum en vilja sækja sér menntunina. Umsóknum þeirra er hafnað fyrir aldurs sakir. Við getum sem samfélag ekki leyft okkur að vísa frá vænlegasta hópnemum sem tekur stysta tímann að rúlla í gegnum iðnnám.

Ef ekki verður gripið hratt til aðgerða sem um munar er ljóst að við þurfum að reiða okkur á erlenda starfsmenn. Við þurfum þá að tryggja að verið sé að ráða iðnaðarmenn sem hafa menntun til þeirra verka sem þeir eru ráðnir til. Við þurfum einnig að tryggja rétt þeirra, laun, aðbúnað og húsnæði.

Þarna þarf ríkisvaldið að setja mun ákveðnari regluverk því við höfum allt of mörg dæmi um að verið sé að ráða verkamenn sem ekki kunna til verka, undirboð í launum, skelfilegan aðbúnað og fleira.

## Vöndum okkur í kjörklefanum

Húsnæðismál eru ekki bara atvinnumál okkar byggingamanna. Það eru mannréttindi að allir hafi öruggt heimili. Það er hornsteinn þess að lifa mannsemandi lífi. Byggingarhæfar lóðir eru af skorum skammti í flestum stærstu sveitarfélögum og stórukið brask með lóðir sem til falla hefur leitt til mikilla verðhækkana á íbúðum. Fyrir vikið er aðgöngumiði ungs fólks á íbúðamarkaðinn allt of dýr og fólk ilengist í fátæktargildru leigumarkaðarins – eða í foreldrahúsum.

Sveitarstjórnarkosningar eru á næsta leiti. Nú er tækifæri til að tala fyrir hlutum sem skipta máli; að skapa samfélag eins og þú, ágæti félagi, vilt hafa það. Þær snúast um hvaða aðstæður í samfélaginu þú vilt ala barnið þitt upp við, eða um að geta lifað „áhyggjulausu ævikvöldi“. Og allt þar á milli. Verum vakandi fyrir stefnu framboða í skipulags- og húsnæðismálum og vöndum valið í kjörklefanum. Sveitarstjórnarmál snúast um nærumhverfi okkar allra. ●



**BYGGIÐN**  
Félag byggingamanna

## FRÉTTABRÉF BYGGIÐNAR

Mars 2022 14. árg. 1. tbl.

Ábyrgðarmaður: Finnþjórn A. Hermannsson

Umsjón: Baldur Guðmundsson

Prentun: Stapaprent

## BYGGIÐN

Stórhöfða 31, 110 Reykjavík

Skipagötu 14, 600 Akureyri

Sími 5 400 100

byggidn@byggidn.is

www.byggidn.is



MYND: DAVID ÞÓR GUÐLAUGSSON

Verkefnið breytast. Hér situr Jens með barnabörnunum.

Jens Karel Þorsteinsson húsasmiður hefur látið af störfum:

## Var 53 ár hjá sama vinnuveitanda

Í dag átta menn sig ekki alveg á því hvernig þau réttindi sem við eigum í dag hafa verið sótt,“ segir Jens Karel Þorsteinsson húsasmiður. Jens lauk um mitt síðasta ár 53 ára samfelldum starfsferli hjá Reykjavíkurborg. Á þeim tíma sátu fjórtán borgarstjórar. Hann hefur í 44 ár átt sæti í trúnaðarmannaráði Trésmiðafélags Reykjavíkur, síðar Byggiðnar.

Jens hóf störf hjá áhaldahúsi Reykjavíkurborgar árið 1968. Fyrst um sinn var hann verkamaður en á þeim tíma voru starfandi hjá borginni um 35 smiðir og sjö til átta lærlingar. „Ég byrjaði 29. maí 1968 og hætti um mánaðamótin júní, júlí 2021.“ Hann vann því hjá borginni í 53 ár og einn mánuð.

Starfið breyttist mikið á löngum starfsferli. Nú sinna smiðir hjá borginni, sem eru miklu færri en áður, aðallega smáviðvikum í leik- og grunnskólum og íþróttamannvirkjum, svo eitthvað sé nefnt. Sú breyting hefur að sögn Jens orðið á að nú eru öll stærri verk boðin út,

svo sem viðhald á byggingum. Starfandi iðnaðarmenn sinni því smærri tilfallandi verkefnum.

### „Má helst ekki gefa sér tíma“

Jens hefur setið í trúnaðarráði félagsins frá árinu 1978 og var trúnaðarmaður á vinnustað sínum frá árinu 1981. Hann hefur líka um langa hríð gegnt trúnaðarstörfum fyrir Samiðn. „Ég var í þessu alla tíð og lýk setu í trúnaðarráði við næsta aðalfund Byggiðnar,“ útskýrir hann. Spurður hvernig honum finnst vinnumarkaðurinn hafa breyst á þessum langa tíma svarar Jens því til eftir svolitla umhugsun að nú sé meiri asi á öllu. „Það má helst ekki gefa sér tíma í að vinna verkin almennilega.“

Þegar viðtalið er tekið hefur arftaki Jens sem trúnaðarmanns húsasmiða ekki verið kjörinn hjá borginni. Hann segir miður hversu litinn áhuga yngra fólk hafi á félagsmálum. „Sá sem var var trúnaðarmaður fyrir mig í 15 eða 20 ár lést núna í nóvember. Enginn vill taka við af okkur

„Það hefur orðið mikill munur á kjörum, réttindum og öllu slíku“

og því er enginn starfandi trúnaðarmaður fyrir trésmiðahlutann í dag,“ útskýrir hann og segir að oft sé litið á þau réttindi sem fólk hafi á vinnumarkaði í dag sem sjálfsgöð. Það séu þau hins vegar alls ekki.

### Slasaðist illa í vinnuslysi

Jens rifjar í þessu samhengi upp slysi sem hann varð fyrir árið 1978, þegar hann féll niður af vinnupalli og fótbrotnaði á báðum fótum. Hann þurfti að vera í gífsi í 14 vikur, dvaldi í sex vikur á Landakoti og var um sex mánuði frá vinnu. „Slysið varð um klukkan hálf ellefu að morgni. Premur mánuðum seinna var ég tekinn út af launaskrá hjá borginni, á hádegi þess dags. Í dag erum við komnir með ársveikindarétt,“ útskýrir hann. Jens tekur þó fram að sjúkrasjóður félagsins hafi gripið hann þegar rétti hans hjá borginni sleppti.

Jens tók á ferli sínum þátt í gerð fjölmargra kjarasamninga, eða allt frá samningnum 1983 til Lífskjarasamningsins sem undirritaður var 2019. „Það hefur orðið mikill munur á kjörum, réttindum og öllu slíku. Samt virðast menn ekki vera meðvitaðir um rétt sinn. Það er miður en ég kann ekki skýringar á því. Þar er ekki við stéttarfélögin að sakast.“ Hann nefnir sem dæmi að framan af starfsævinni hafi þeir smiðirnir yfirleitt unnið einn til tvo yfirvinnutíma alla virka daga, en þá höfðu þeir allt viðhald fasteigna á sinni könnu.

### COVID mildaði breytingarnar

Síðustu ár starfsferilsins vann Jens, sem lauk sveinsprófi 1973, á skrifstofu og annaðist verkþókkhla og reikningagerð fyrir trésmiðahluta borgarinnar. Auk þess hafði hann yfirumsjón með uppsetningu kjörstaða hjá borginni frá árinu 1996 og hefur tekið þátt í 43 kosningum alls, frá því hann hóf störf. Spurður hvort það hafi ekki verið viðbrigði að láta af störfum, eftir langan starfsferil, svarar Jens því til að heimsfaraldurinn hafi veitt honum svolitla aðlögun. Hann hafði unnið heima síðustu mánuðina vegna COVID-19. Það hafi mildað breytingarnar við starfslokinn.

Jens hefur haft nóg fyrir stafni frá því hann hætti að vinna. Hann hafði skömmu áður flust búferlum og hafði í nógu að snúast vegna þess. „Ég er núna kominn í góða rútinu hérna. Við göngum saman þrjár til fimm félagar sex daga vikunnar, þrjár til fimm kílómetra í senn. Alla daga nema sunnudaga. Svo eru það barnabörnin og sundferðirnar,“ segir hann léttur í bragði að lokum. ●



Þorsteinn með falshefil, sem er bæði með land fyrir dýpt og breidd.

# Strikhefill og falshefill í uppáhaldi

Iðnaðarsafnið á Akureyri á um sextíu tréhefla. Óhætt er að segja að þar fari minnisvarði um handverk fyrri tíma. Safnstjórinn hefur auk þess leitað uppi yfir 130 íslensk heflnöfn.

Sum nöfnin á heflunum eru sérheiti og tengjast kannski bara einu landsvæði,“ segir Þorsteinn Einar Arnórsson, safnstjóri Iðnaðarsafnsins á Akureyri, í samtali við Byggið. Þorsteinn hefur um hrið haft áhuga á heflum til trúvinnslu. Hann hefur bæði safnað heflum en ekki síður safnað saman heitum á heflum sem notaðir hafa verið á Íslandi. Nöfnin telja vel á annað hundrað.

Þorsteinn, sem er hálfáttæður, hefur verið safnstjóri með hléum undanfarin ár, eftir fjárhagsstöðu safnsins hverju sinni,

## Opnar fús fyrir hópum

Í vetur er Iðnaðarsafnið opið fimmtudaga, föstudaga og laugardaga en Þorsteinn opnar fús fyrir hópum sem knýja dyra eða hafa samband. Hann segir að einhver hluti gesta séu erlendir ferðamenn en gestir skemmtiferðaskipanna sjáist sjaldan. Safnið er sunnan við Skautahöllina á bak við mótörhólasafnið.

en hann hefur verið í stjórn þess frá árinu 1998. Árlega heimsækja um 2.000 manns safnið en það gæti að hans sögn tekið við mun meiri fjölda.

Þorsteinn, sem er Svarfdælingur í grunninn, segist hafa verið að „grúska í heflum“, eins og hann kemst sjálfur að orði, undanfarin ár. Safnið fékk nýverið veglegt safn hefla frá líkkistuvinnustofu í bænum en vinna við að skrásetja þá hefur staðið yfir að undanfögnu. Það var í kjölfar þeirrar gjafar sem Þorsteinn fór að grennslast fyrir um nöfn á heflum. Sú leit hefur svo sannarlega borið ávöxt enda eru nöfnin þegar þetta er skrifað líklega 134. Sarpur og Timarit.is hafa nýst Þorsteini vel við leitina.

### Falshefill og strikhefill

Eins og gefur að skilja er Þorsteinn uppfullur af fróðleik um hefla og er fús að deila þeim fróðleik með hverjum þeim sem heimsækir safnið. Bláamaður viðurkennir að hann þekki fá ef nokkur heflinöfn. „Falshefill gerir rifur í parket, strikhefill var notaður til að gera rendur í við og búa þannig til skrautlega lista. Það nafn kom 290 sinnum fyrir í leit minni,“ útskýrir Þorsteinn þá að bragði og bætir við að sum nöfn á heflum séu lýsandi fyrir hlutverk þeirra en önnur gefi litla hugmynd um notagildið. „Sum nöfnin segja manni ekkert en við önnur er lýsing á heflinum,“ bætir hann við.

Langhefill, stuttheffill og falshefill eru sennilega nöfn sem trésmíðir þekkja vel og nota jafnvel við minni verkefni. Þorsteinn segir hins vegar að nú leysi vélar flest þau verk af hendi sem heflar voru notaðir við áður. Þeir segi hins vegar merkilega sögu um handbragð fyrri tíma.

### Sváfu á heflispæni

Safnið skartar um sextíu tréheflum en þeir eru ekki allir til sýnis. Stór hluti þeirra kom frá líkkistuvinnustofunni umræddu. Hann segir að safnið skarti nú mörgum merkilegum heflum og nefnir 75 sentímetra langheffill sem kom frá Austurlandi. Í hann var búið að búa til fals fyrir annað blað. „Hefillinn var notaður til að búa til heflispæni sem var notaður til að stoppa í dýnur á stríðsárunum. Þeir kölluðu þetta viðarull. Hitt blaðið var til að geta búið til tvöfalt meiri spæni í einu,“ útskýrir Þorsteinn en ekki fylgir sögunni hvort dýnur fylltar af heflispæni hafi staðist öðrum dýnum snúning hvað þægindi varðar.

Heflarnir á safninu eru víða að. Sumir eru innfluttir en aðrir voru smíðaðir hér á landi. Nokkrir af eldri heflum safnsins komu úr rauðu kofforti sem skolaði á land eftir að árabát hvolfði á grynningum skammt norðan Akureyrar. Í bátnum voru fjórir menn sem voru á leið með varning í Svarfaðardal í slæmu sjóveðri árið 1855. Mönnunum var bjargað eftir mikið volk.



Safnið er skammt sunnan við Skautahöllina.

### Framandi heflinöfn

Hér gefur að líta lista yfir nokkur af þeim 134 nöfnum sem Þorsteinn hefur tekið saman.

- Beykishhefill
- Bjúghefill
- Bugtheffill
- Gartheffill
- Húlkilsheffill
- Kantbyrðingsheffill
- Karnis
- Klúbbur
- Kontrakil
- Pílaráheffill
- Spónabredda
- Tunnustafaheffill

### Tveir í uppáhaldi

Tveir heflar safnsins eru í sérstöku uppáhaldi hjá safnstjóranum. Efstur á blaði í skrá Þorsteins er fallegur strikheffill. Strikheflar voru notaðir við

innanhússsmíði til að hefla og skreyta ýmiss konar kanta og lista. „Hann er afar fallegur gripur og svo kemur svo falleg áferð eftir hann,“ útskýrir Þorsteinn og heldur áfram: „Svo er það falshefillinn, sá sem gerir raufina í falsið þegar panill er gerður. Þegar menn gerðu panil voru notaðir tveir heflar; annar heffillinn gerði raufina en hinn fjöðrina,“ útskýrir hann og bætir við: „Þessir tveir heflar eru þeir sem ég helst bendi á þegar ég er að sýna safnið.“ ●



Falshefill

MYND: SARPUR.IS/TÓNADARSAFNID



# „Ég er fædd í þetta“

Húsa- og húsgagnasmíðurinn Sóley Rut Jóhannsdóttir sest í stjórn Byggiðnar á næsta aðalfundi. Hún er fyrsta konan í 123 ára sögu félagsins til að taka sæti í stjórn.

LJÓSMYND: SAGA SIG - TEKIN FYRIR HERFERDINA „FYRIR MIG“ TIL KYNNINGAR Á IÐNNÁMI.

Þegar ég lít til baka var þetta örugglega fyrirframákveðið. Ég gat ekki látið nein verkfæri í friði og hafði mikinn áhuga á að vita hvernig allt virkaði,“ segir Sóley Rut spurð hvort það hafi alltaf legið fyrir henni að velja iðnnám.

Sóley, sem er 29 ára, byrjaði í Tækniskólanum 2014 og lauk meistarakólanum síðasta vor, með bæði húsmíði og húsgagnasmíði undir beltinu. „Ég ætlaði alltaf að verða dýralæknir þar til eftir menntaskólann. Þá langaði mig að fara í einhvers konar hönnunarnám en ég vildi læra að vinna með efni fyrst.“ Hún sá fljótt að erfitt yrði að komast á samning í húsgagnasmíði að náminu loknu og vildi ekki sitja uppi með tóma gráðu. „Það var þannig sem ég ákvað að bæta við húsmíði,“ útskýrir hún.

Hún segist strax hafa fundið fyrir miklum áhuga á náminu. „Ég er fædd í þetta,“ segir hún glaðleg og rifjar upp að hún hafi

sýnt verkfærum og verkunnáttu áhuga strax í æsku.

Spurð hvert hún stefni í smíðinni segist hún hafa hug á verkefnastjórnun eða einhverju sambærilegu þegar fram í sækir. Hún segist ekki vilja vera í líkamlega erfiðri vinnu til frambúðar en hún vilji heldur ekki eyða dögnum á skrifstofu. Í dag sé hún ánægð þar sem hún er. Sóley vinnur hjá Aftaki ehf. í Mosfellsbæ og hefur gert frá ársbyrjun 2018. Hún starfar í deild innan fyrirtækisins sem fæst við tryggingatjón.

## Vill skilja hvernig þetta virkar

Sóley hefur átt sæti í trúnaðarráði Byggiðnar í rúm tveimur árum og segist hafa fundið sig vel þar. „Ég held að það hafi komið til upphaflega vegna þess að það vantaði stelpu í ráðið en ég kvarta ekki yfir því. Ég hef verið dugleg að mæta á fundi, er áhugasöm og vil skilja hvernig þetta virkar allt saman,“ segir hún

og bætir við að hún hlakki til að sinna frekari trúnaðarstörfum fyrir félagið. „Ef maður ætlar að hafa einhver áhrif þá er þetta rétti vettvangurinn til þess.“

Spurð hvar hún myndi helst vilja beita sér svarar Sóley því til að það sé henni kappsmál að yta undir fagmennsku í iðngreinum, hlúa að endurmenntun iðnaðarmanna, tryggja að aðbúnaður fólks á vinnustöðum sé góður og að fólk hafi jöfn tækifæri. Hún segist sjálf hafa unnið á vinnustað þar sem hlutir hefðu mátt betur fara en nú sé hún á mjög góðum stað. Hún hafi því fundið á eigin skinni hvað skiptir máli í þeim efnum.

## Tíðarandinn að breytast

Þó að konum í iðngreinum hafi fjölgað eru þær enn í miklum minnihluta í byggingagreinunum. Þau tímamót að kona sé í fyrsta sinn að setjast í stjórn félagsins undirstríkar það. Sóley segir að sér virðist sem mikið vatn hafi runnið til sjávar í þessum efnum frá því hún byrjaði að læra. Framan af hafi hún orðið vör við efasemdir um að hún væri nógu sterk eða nógu dugleg til að sinna þeim störfum sem fyrir lágu. „Löngu eftir að ég kláraði sveinsprófið var ég oft spurð hvort ég væri að læra,“ útskýrir hún. Undanfarin misseri hafi ekki borið á þessum röddum. „Fólk er orðið vant þessu held ég, bæði kunnar og aðrir iðnaðarmenn, að smíðurinn sé ekki alltaf karlmaður.“

Spurð hvers vegna hún telji að konur hafi í gegn um tíðina síður valið iðnnám svarar Sóley því til að ef til vill hafi fyrirmyndir vantað. „Ég man aldrei eftir því að talað væri um að iðnnám gæti verið fyrir mig,“ segir hún. Bóknámi hafi frekar verið haldið að henni og kynsysturum hennar. Þegar þær hafi sýnt iðnnámi áhuga hafi verið gert ráð fyrir að saumaskapur eða myndlist væri efst á blaði. Þetta hafi sem betur fer breyst.

## Heimsækja skóla og kynna iðnnám

Sóley er í stjórn Félags fagkvenna en tilgangur félagsins er að hvetja konur til að sækja nám og störf í því sem telst vera karllægar iðngreinar. Félagið er fyrir allar þær konur sem eru með sveinspróf, á námssamningi eða í námi sem telst vera í karllægri iðngrein. Fyrir hönd félagsins hefur Sóley tekið þátt í að heimsækja grunn-skóla og kynna iðngreinar fyrir nemendum í þriðja bekk, bæði strákuum og stelpum. Hún segir að þessar heimsóknir séu mjög gefandi. „Ef einhver kona hefði komið inn í tíma hjá mér á þessum aldri þá hefði ég örugglega farið fyrir í það iðnnám sem ég valdi mér.“

Aðalfundur Byggiðnar verður haldinn 24. mars næstkomandi, eins og lesa má um í þessu blaði. Sóley hlakkar til að setjast í stjórn félagsins og vinna þannig með beinum hætti að málum sem varða félagsmenn. „Ég hlakka til að byrja og vil læra sem mest. Ég er til í þetta allt,“ segir hún að lokum. ●



Parkeðlagn krefst vandvirkni. Hér skín einbeiting úr augum smiðsins.



Námskeið IDUNNAR eru jafnan vel sótt.



Það er vandasamt verk að beita tréhefli, svo vel fari.

## Aukin áhersla á fjölbreyttari fræðslu

IDAN fræðslusetur hefur á þessum nýafstöðnum tímum farsóttar tekið upp mun fleiri og fjölbreyttari aðferðir við að koma fræðslu á framfæri við iðnaðarmenn og fyrirtæki í iðnaði. Að sumu leyti hafa þessar aðferðir verið viðbrögð við áhrifum farsóttarinnar eins og samkomu-, fjölda- og nándartakmörkunum. En þessir tímar hafa einnig sýnt fram á nauðsyn þess að miðlun fræðslunnar sé aðgengileg með öðrum hætti en með hefðbundnum, staðbundnum námskeiðum.

### Vefnámskeið

IDAN býður í dag upp á fjölda námskeiða sem hægt er að nálgast á vefnum með auðveldum og aðgengilegum hætti. Má þar nefna tölvunámskeið eins og í Word og Excel og námskeið um markaðsmál. Hvað varðar byggingargreinar þá standa til boða námskeið eins og Steinsteypa – frá hráefni til byggingar, Stafræn gæðastýring, Heildstæð rör í rörkerfi og fleiri. Stefnt er að því að auka á næstunni framboð á vefnámskeiðum á sviði byggingariðnaðar. Í tilefni af 15 ára afmæli IDUNNAR hafa öll vefnámskeið

verið ókeypiss fyrir þá sem eru aðilar að IDUNNI.

### Fræðslumolar

Fagfólk og fyrirtæki fást við alls kyns hluti í sínum verkefnum og daglegu störfum sem aðrir þekkja lítið til sem ekki starfa í sömu grein. Starfsfólk IDUNNAR hefur farið víða til að kynna sér ýmis störf og gert um þau fræðslumyndbönd sem birt eru á vef IDUNNAR undir yfirskriftinni Fræðslumolar. Má þar nefna nýleg myndbönd um strigastrekkingu og endurnýjun drenlagna. Þessir molar hafa notið vinsælda og mun þeim fara fjölgandi á næstunni.

### Hlaðvörp

IDAN heldur úti hlaðvarpsþáttum undir yfirskriftinni Augnablik í iðnaði. Nýir þættir eru birtir vikulega á helstu streymisveitum eins og Spotify og Soundcloud. Um er að ræða um hálf tíma spjallþætti þar sem fagfólk er tekið tali og fræðst um málefni og verkefni sem það er að fást við. Þau sem taka viðtölin eru fagfólk í þeim greinum sem um ræðir, ýmist starfsfólk IDUNNAR eða utanað-

komandi aðilar. Meðal annars hefur verið rætt um rekstur trésmiðaverkstæðis, talningu íbúða, gluggaþéttingar og niðurlögn steinsteypu.

### Streymi

Síðastliðna tvo vetur hefur IDAN staðið fyrir morgunverðarfundum um sjálfbærni sem sendir eru út í beinu streymi frá húsnæði IDUNNAR í Vatnagördum 20. Á þessa fundi hafa komið sérfræðingar og fólk frá fyrirtækjum til að segja frá því sem þau eru að gera varðandi sjálfbærni. Fjallað hefur verið um rannsóknir og ýmsar aðgerðir sem tengjast þessum málum.

### idan.is og samfélagsmiðlar

Allt það sem fjallað er um í þessari grein er hægt að nálgast á heimasíðu IDUNNAR, idan.is. IDAN er einnig á Facebook, Instagram, Twitter og LinkedIn. ●



Ólafur Ástgeirsson  
sviðsstjóri bygginga-  
og mannvirkjasviðs



# Orlofsblað Byggiðnar 2022

**F**restur til að sækja um orlofshús fyrir sumarið 2022 rennur út þann 15. mars næstkomandi. Á næstu síðum er fjallað um þá orlofskosti sem eru í boði fyrir félagsmenn Byggiðnar þetta sumarið en alls hefur félagið 15 einingar, bæði orlofshús og -íbúðir, til útleigu. Hér verður einnig fjallað um ferðaávisun og þær nýjungar sem þar leynast.

Félagsmenn eru hvattir til að skila umsóknum sínum um orlofshús tímanlega og hafa fyrir en síðar samband við skrifstofu Byggiðnar ef eitthvað er óljóst í umsóknarferlinu. Sótt er um orlofshús á orlofsvefnum, [orlof.is/byggidn](http://orlof.is/byggidn). Vefinn má einnig komast á í gegn um heimasíðu félagsins.

Þann 5. apríl fer sumarúthlutun árið

2022 fram. Þá fá allir sem sótt hafa um svar. Punktakerfi er sem fyrr notað við úthlutun en félagsmaður ávinnur sér einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir félagsgjald. Þegar tveir eða fleiri sækja um orlofshús fær sá sem hefur fleiri punkta húsið.

Þann 19. apríl rennur greiðslufrestur vegna sumarúthlutunar út. Daginn eftir verður opnað að nýju fyrir umsóknir um þau hús og tímabil sem ekki var greitt fyrir í tæka tíð. Þeir sem fá synjun í úthlutuninni geta strax sótt um það sem ekki var úthlutað. Þá fær sá sem fyrstur sækir um húsið. Það verður svo þann 1. júní sem opnað verður fyrir vetrarleigu fram að áramótum.

Sem fyrr stillir félagið leiguverðinu í hóf. Vikuleiga í orlofshúsin þetta árið

kostar á bilinu 25–33.000 krónur en stærð húsanna og staðsetning hefur þar áhrif.

Sérstök athygli er vakin á því að Byggiðn hefur undanfarið unnið að því að útbúa húsbækur í vinsælustu orlofshús félagsins. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um sögu staðarins, afþreyingu á svæðinu, svo sem golfvelli, sundlaugar og veiði, auk ýmissa annarra hagnýtra upplýsinga. Það er von félagsins að gestir orlofshúsanna muni hafa bæði gagn og gaman af bókunum.

## Nýjungar með ferðaávisun

Nú er farið í hönd þriðja árið þar sem hægt er að kaupa ferðaávisun. Á orlofsvefnum getur þú keypt ferðaávisun sem veitir þér aðgang að tugum hótela og gistiheimila um allt land. Hún hefur





alfarið leyst af hólmi gömlu gistimið-ana og veitir mun meiri sveigjanleika. Ferðaávisun er í raun inneign, sem er niðurgreidd af Byggið, og gefur þér kost á allra bestu kjörum sem í boði eru á markaðnum.

Við innskráningu á orlofssíðuna getur þú skoðað tilboðin og valið þann gististað sem þér hentar. Þegar þú hefur fundið spennandi valkost smellir þú á „Kaupa“. Þegar þú gengur frá greiðslu fyrir ferða-ávisunina drögum við tiltekna upphæð frá tilboðsverðinu. Byggið niðurgreiðir ferðaávisunina um 20% af valinni upphæð. Að hámarki er niðurgreiðslan 15.000 krónur á hverju almanaksári.

Þú pantar gistingu þegar þér hentar og greinir frá því að þú hyggist greiða fyrir gistinguna með ferðaávisun frá

félaginu. Þegar þú mætir á staðinn nægir að gefa upp kennitölu. Ávisunin er rafræn og rennur ekki út. Þú getur notað hana þegar þú vilt, að undangenginni bókun hjá viðkomandi gististað. Ef hót-elið eða gistiheimilið sem þú valdir þér er fullbókað, þegar þú hyggst leggja land undir fót, geturðu notað ávisunina upp í gistingu hjá hvaða öðrum samstarfsaðila sem er.

Að þessu sinni kynnum við spennandi nýjung. Ferðaávisun veitir núna einnig aðgang að skipulögðum gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjalla-fjöri. Með því að kaupa slíkar ferðir með ferðaávisun fást betri kjör en bjóðast á almennum markaði. Nánari kynningu á þessari nýjung innan ferðaávisunar er að finna hér á tveimur síðum aftar í blaðinu.

## Veiði- og útilegukort

Veiðikortið er selt til félagsmanna á 5.000 krónur en fullt verð er 8.900 krónur. Á heimasíðu kortsins, veidikortid.is, má finna allar upplýsingar um hvar hægt er að nota kortið. Þar kemur meðal annars fram að kortið veitir aðgang að 36 vatna-svæðum vítt og breitt um landið. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn. Börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd korthafa.

Útilegukortið kostar til félagsmanna 13.500 krónur. Á heimasíðu kortsins, utilegukortid.is, er að finna allar upplýsingar um þau tjaldsvæði þar sem hægt er að nota kortið, en þau eru um 40 talsins og eru í öllum landshlutum. Kortið veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum

[Framhald á næstu síðu ►](#)

undir 16 ára fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

Athugið að gistináttaskattur, 333 krónur á gistieiningu fyrir hverja nótt, er ekki innifalinn í Útilegukortinu. Kortin er hægt að nálgast í miðasölu á orlofs-húsasíðu byggidnar, byggidn.is.

### Tjaldparadís á Stóra-Hofi

Rétt er að minna félagsmenn á tjaldsvæði Byggiðnar á jörðinni Stóra-Hofi í Gnúpvörjahreppi. Þar hefur félagið látið útbúa glæsilegt tjaldsvæði, með rafmagni, sem opið er félagsmönnum. Meðlimir í félaginu greiða þar 1.500 krónur fyrir tjald, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíl eða tjaldvagn, ef þeir nýta sér ekki rafmagn. Gjaldið er 2.300 krónur með rafmagni. Mikilvægt er að muna að hafa félagsskirteinið með þegar tjaldsvæðið er heimsótt.

Sumarið 2020 var tekið í notkun nýtt og glæsilegt þjónustuhús á tjaldstæðinu. Það gjörbreytti allri aðstöðu fyrir gesti. Í húsinu eru salerni, sturtur og aðstaða



Stóra-Hof.

fyrir umsjónarmann svæðisins. Skammt frá tjaldstæðinu er níu hólur fyrir frísbíggolf.

Stefnt hefur verið að því að opna tjaldstæðið fyrir hvítasunnuhelgina ár hvert. Hvítasunna árið 2022 ber upp á 6. júní. Sem fyrr mun tíðarfar ráða því hvenær flatirnar verða orðnar þurrar og hægt að hleypa á þær umferð. Nánari upplýsingar um opnun tjaldstæðisins verða birtar á byggidn.is þegar nær dregur.

Á jörðinni er 200 fermetra skemma sem gerð hefur verið upp og nýttist í dag sem samkomuhús. Skemmuna geta félagsmenn fengið leigða undir samkomu og hafa félagsmenn og vinnustaðafélög haldið þar samkomur auk þess að fá leigðan hluta af tjaldsvæðinu. Stutt



Nýtt þjónustuhús á tjaldstæðinu á Stóra-Hofi.

er á milli tjaldsvæðis og skemmu. Í skemmuni er einnig haldið messukaffi og kvöldskemmtun á Jónsmessuhátíð félagsins.

### Niðurgreiddir ferðavagnar

Byggiðn býður félagsmönnum niðurgreiðslu á ferðavögnum í sumar, eins og undanfarin ár. Félagsmaður velur tjaldvagn, hjólhýsi eða fellihýsi hjá viðurkenndri leigu og þann tíma sem honum hentar. Að lokinni notkun framvísar hann leigusamningi og fær þá 15.000 króna endurgreiðslu. Leigusamningurinn þarf að vera á nafni félagsmanns og útgefandi reiknings skráður sem starfandi ferðavagnaleiga.

Gleðilegt sumar. ●

## Orlofskostir Byggiðnar 2022

Orlofshús og -íbúðir	Vikuleiga	Svefnh.	Svefnpláss	Stærð			Staðsetning
Stóra-Hof 1	33.000 kr.	4	10	130 m <sup>2</sup>			Suðurland
Stóra-Hof Hátún 3	33.000 kr.	3	6	84 m <sup>2</sup>			Suðurland
Svignaskarð 11	33.000 kr.	3	6	60 m <sup>2</sup>			Vesturland
Svignaskarð 25	33.000 kr.	3	7	78 m <sup>2</sup>			Vesturland
Vatnsfjörður	25.000 kr.	2	5	40 m <sup>2</sup>			Vestfirðir
Ölfusborgir 3	25.000 kr.	2	4	45 m <sup>2</sup>			Suðvesturland
Ölfusborgir 4	25.000 kr.	2	4	45 m <sup>2</sup>			Suðvesturland
Furulundur 10	25.000 kr.	2	5	50 m <sup>2</sup>			Akureyri
Kjalarsíða (ath. 2 íbúðir)	30.000 kr.	3	4	75 m <sup>2</sup>			Akureyri
Kjalarsíða	30.000 kr.	3	4	75 m <sup>2</sup>			Akureyri
Sóltún 28	33.000 kr.	3	4	82 m <sup>2</sup>			Reykjavík
Einarsstaðir	25.000 kr.	2	5	45 m <sup>2</sup>			Austurland
Skógarmelar 3	33.000 kr.	3	6	120 m <sup>2</sup>			Norðausturland
Brautarholt	33.000 kr.	4	11	100 m <sup>2</sup>			Norðurland



## Fnjóskadalur, Skógarmelar 3

Staðsetning	Norðausturland
Stærð	120 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 6	👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	33.000 kr.

Hér er um að ræða nýjasta orlofshús félagsins, sem tekið var í notkun í janúar 2021. Húsið er 120 fermetrar með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir allt að sex manns. Góð stofa, eldhús og bað er í húsinu sem er allt hið glæsilegasta. Tvö hjónarúm (1,80 cm á breidd) eru í herbergjum hússins en í barnaherberginu er neðri kója 140 cm á breidd og efri kója er 90 cm.

Húsið er á Skógarmelum, jörð steinsnar frá munna Vaðlaheiðarganga í Fnjóskadal. Það er því í aðeins um fimmtán mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Húsið er afar vel búið enda var vandað mjög til verka við byggingu þess og frágang.



## Svignaskarð 11

Staðsetning	Borgarfjörður, Vesturland
Stærð	60 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 6	👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	33.000 kr.

## Svignaskarð 25

Staðsetning	Borgarfjörður, Vesturland
Stærð	78 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 7	👤👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	33.000 kr.

Byggið á tvö hús í glæsilegri byggð orlofshúsa í Svignaskarði, nr. 11 og nr. 25. Minna húsið er 60 fermetrar en hið stærra 78. Gestir geta hjá umsjónarmanni keypt veiðileyfi í neðsta hluta Norðurár en allt í kring eru golfvöllir og sundlaugar, svo dæmi séu tekin. Söluskálinn Baula er steinsnar frá Svignaskarði.

Borgarfjörður og Mýrar er svæði rómað fyrir náttúrufegurð. Fjölbreytni er mikil í náttúrunni og þar er auðvelt að upplifa fossa, fjöll, hraun og skóga,



heita hvera og jökla. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru á svæðinu og sagan drýpur þar af hverju strái. Nægir þar að nefna áhugaverða áningarstaði eins

og Glanna og Paradísarlaut, Krosslaug í Lundarreykjadal, Hraunfossa og hellinn Víðgelmi, sem er stærsti hellir á Íslandi.



## Kjalarsíða (tvær íbúðir)

Staðsetning	Akureyri
Stærð	75 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 4	👤👤👤👤
Víkuleiga	30.000 kr.



## Furulundur 10

Staðsetning	Akureyri
Stærð	50 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 5	👤👤👤👤👤
Víkuleiga	25.000 kr.

Byggið hefur þrjár íbúðir til útleigu á Akureyri. Annars vegar er íbúð í Furulundi 10 en hins vegar tvær íbúðir við Kjalarsíðu. Á Akureyri er öll þjónusta við höndina auðvitað og stutt í miklar náttúruperlur á borð við Mývatn, Dettifoss og Jarðböðin, svo dæmi séu tekin.



## Einarstaðir

Staðsetning	Hérað, Austurland
Stærð	45 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 5	👤👤👤👤👤
Víkuleiga	25.000 kr.

## Ölfusborgir 3 og 4

Staðsetning	Suðvesturland
Stærð	45 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 4	👤👤👤👤
Víkuleiga	25.000 kr.

Byggið hefur á sínum snærum tvö hús í Ölfusborgum, nr. 3 og 4. Húsin eru 45 fermetrar með tveimur svefnherbergjum. Stutt er í alla þjónustu, enda standa Ölfusborgir við Hveragerði.

Sprækir gestir ættu að skoða sérstaklega gönguleiðirnar sem eru í næsta nágrenni við bústaðina. Dalirnir upp af Ölfusdal heita Reykjadalur og Grændalur (Grændalur). Gufudalur er nafn á býli austast í Ölfusdalnum en upp af því eru dalverpi með skemmtilegum gönguleiðum. Volgar laugar og lítrik hverasvæði gera landsvæðið að einstakri náttúruperlu sem enginn útivistarmaður ætti að láta fram hjá sér fara. Um dalina má fara styttri og lengri vegalengdir sem byrja og enda í Hveragerði. Gott aðgengi er að flatlendinu (Árhólumum) innst inni



í Ölfusdal og nægt pláss fyrir bíla. Þar er að finna kort yfir gönguleiðir.

Athugið að hreyfihamlaðir geta haft samband við umsjónarmann staðarins og sótt um að leigja sérstakt hús sem er snúið fyrir fólk með skerta hreyfingu. Upplýsingar og bókanir í síma 483 4260.





## Vatnsfjörður

Staðsetning	Barðaströnd, Vestfirðir
Stærð	40 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 5	👤👤👤👤👤
Vikuleiga	25.000 kr.

Félagið á lítið hús í Vatnsfirði við Flókalund. Þar eru tvö svefnherbergi og gistipláss fyrir fimm. Barðaströndin er syðst á Vestfjörðum. Þar er mjög veður-sælt, gróðursælt og skjólgott. Fjölmargin áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og má til dæmis nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og þarna er sagan við hvert fót-mál.



## Sóltún 28

Staðsetning	Reykjavík
Stærð	82 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 4	👤👤👤👤
Vikuleiga	30.000 kr.

Íbúðin í Sóltúni er nýuppgerð eins og rakið er hér á öðrum stað í blaðinu. Skipt var um gólfefni og húsgögn auk þess sem baðherbergi var tekið í gegn. Í öðru svefnherberginu er 160 cm breitt rúm en í hinu 120 breið neðri kaja og 90 cm efri kaja. Húsið er staðsett nálægt gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Borgartúns. Athugið að þrif eru nú innifalin í leiguverði.



## Brautarholt

Staðsetning	Blönduós
Stærð	100 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 11	👤👤👤👤👤👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	33.000 kr.

Húsið er 100 fermetrar með þremur svefnherbergjum. Öll eru þau með tvíbreiðum rúmum og svo kaju. Húsið er nýlega uppgert að innan. Sængur og koddar eru fyrir 12 og skylt að nota sængurlin eins og í öðrum húsum félagsins. Á Blönduósi er góð verslun, afþagðs sundlaug og stutt í alla helstu þjónustu.

## Hátún, Stóra-Hofi

Staðsetning	Suðvesturland
Stærð	84 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 6	👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	33.000 kr.

## Stóra-Hof 1

Staðsetning	Suðvesturland
Stærð	130 m <sup>2</sup>
Gistipláss fyrir 10	👤👤👤👤👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	33.000 kr.

Byggið á tvö orlofshús á jörðinni Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi, Hátún 3 og Stóra-Hof 1. Þar er líka gott tjaldstæði fyrir félagsmenn, frisbigolfvöllur, nýtt þjónustuhús, samkomuhús og lóðir fyrir orlofsbústaði félagsmanna. Athugið að Hátún 3 er eina orlofshús félagsins þar sem hundar og önnur gæludýr eru velkomin. Hundaeigendur þurfa þó að gæta þess að þeir valdi öðrum gestum jarðarinnar ekki ónæði og hagi þrifum og frágangi í samræmi við dýrahaldið.



Mikil þjónusta og afþreying er í nágrenninu, sem of langt mál væri að telja upp hér. Enginn ætti þó að fara á mis við að skoða Þjórsárdal, sem liggur á milli Búrfells í austri og Skriðufells í vestri.



Dalurinn er nokkuð sléttlendur og vikurborinn eftir endurtekin eldgos í Heklu. Merkisstaðir í Þjórsárdal eru til dæmis Stöng, Gjáin, Háifoss, Þjóðveldisbærinn og Vegghamrar.

# Göngur og gisting

Ferðaávisun veitir nú líka aðgang að spennandi ævintýra- og gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri. Sem fyrr njóta félagsmenn sérkjara í krafti fjöldans en Ferðaávisun má nota allt árið um kring. Félagsmönnum gefst nú gullið tækifæri á að fara í skipulagðar ferðir um íslensk fjöll og firnindi.



## Lágafell

Lágafellshópur Fjallafjörs hentar í senn byrjendum og þeim sem vilja fara í styttri láglendisgöngur og gefa sér rúman tíma í að njóta þeirra. Þrjár annir eru yfir árið og hver önn samanstendur af 12 ferðum, 9 kvöldferðum og 3 dagsferðum.

Verð: 24.900 kr.



## Fimmvörðuháls

24.-26. júní

Hin árlega Jónsmessuganga Útivistar yfir Fimmvörðuháls er einn af hápunktunum í starfi Útivistar ár hvert. Lagt er af stað frá Reykjavík á föstudagskvöldi og gengið yfir Hálsinn um nóttina. Í dögun á laugardegi koma göngumenn niður í Bása þar sem tími gefst til að hvílast um stund. Um kvöldið er slegið upp grillveislu og kveiktur varðeldur þar sem Útivistar-gleðin ríkir.

Verð: 31.000 kr.



## Hornstrandir

7.-10. júlí

Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni feður og dulúð. Ævintýrið hefst með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita, um hið mikla Hornbjarg og blómskrúðið í Hornvík. Stórbrotin feður blasir alls staðar við. Ekki spillir hin litríka og sérstæða mannlífssaga Friðlandsins. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúruskoðun og gönguferðir.

Verð: 103.000 kr.



## Laugavegur

13.-17. júlí

Vinsælasta gönguleið landsins lætur engan ósnortinn. Um er að ræða magnaða upplifun fyrir líkama og sál þar sem fjölbreytt landslag, óbrúaðar ár, litskrúður líparítsvæði, svartir sandar og grænir skógar verða á vegi göngugarpa. Um er að ræða fimm daga ferð undir leiðsögn þar sem rúta, trúss, gisting og fararstjórn er innifalín.

Verð: 98.000 kr.



## Gisting um land allt

Með ferðaávisun nýtur þú sérstakra tilboðskjara á gistingu hjá fjölmörgum samstarfsaðilum um allt land.



### Hótel Geysir

Suðurland  
Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð frá: 33.000 kr.



### Íslandshótel

Víða um land  
Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð: 14.400 kr.



### Kea hotels

Norðurland og víðar  
Eins manns herbergi með morgunverði.

Verð frá: 13.900 kr.

# með Ferðaávísun



## Sveinstindur - Skælingar

Um er að ræða eina fallegustu gönguleiðina á sunnanverðu hálendinu. Gangan hefst við Langasjó en gengið er á Sveinstind áður en gíst er í Sveinstindsskála. Þaðan er haldið niður með Skaftá í Skælinga þar sem einstakar hraunmyndanir setja svip á umhverfið. Frá Skælingum er gengið á Gjátind og niður í Eldgjá. Gangan endar í Hólaskjólum þar sem gíst er síðustu nóttina. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 60.000 kr.

ÚTIVIST



## Haustferð í Skaftártungu

Fjallafjör býður upp á helgarferð á Skaftártungu þar sem vel valdar perluverða skoðaðar. Gengið verður á Gjátind, um Eldgjá, Ófæru-foss skoðaður, Syðri-Ófæra, Gígvatn og fallegir fossar. Gíst er í skálanum í Hólaskjólum en þátttakendur fara á eigin bílum þangað. Innifalið er leiðsögn, gisting og rúta frá Hólaskjólum til og frá göngu-stöðum.

Verð: 33.900 kr.



## Strútsstígur

Gangan hefst í Hólaskjólum en þaðan er um tveggja tíma gangur í skálann við Álftavötn þar sem gíst er fyrstu nóttina. Á öðrum degi er gengið með Svartahnjúksfjöllum í Hólmsárbotna, með viðkomu í Strútslaug. Þaðan er gengið í Strútsskála þar sem gíst er í tvær nætur og einstakt umhverfi skálans skoðað. Á lokadegi liggur leiðin um Mælifellssand í Hvangil þar sem rúta tekur upp hópinn. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 58.000 kr.

ÚTIVIST



## Jóga, núvitund og göngur í Þórsmörk

17.-19. júlí

Þessi ferð býður upp á allt það besta sem finna má í Þórsmörk. Gíst verður tvær nætur í skála Ferðafélags Íslands í Langadal. Ein fegursta og fjölbreyttasta gönguleið landsins verður gengin en hún skartar ægifygru útsýni yfir Þórsmörk. Áhersla verður á að njóta, en ekki þjóta. Farið verður í morgunjóga, nidra-djúpslökun auk þess sem hópurinn verður endurnærður með göng-tónheilun í ósnortinni náttúrunni.

Verð: 50.000 kr.



Byggiðniðurgreiðir ferðaávísunina um **20%** af valinni upphæð. Að hámarki er niðurgreiðslan **15.000 krónur** á hverju almanaksári.



## Gistiheimilið Hvoll

Suðurland

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 13.563 kr.



## Arctic Hotels

Norðurland

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 10.000 kr.



## Center Hotels

Höfuðborgarsvæðið

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 19.900 kr.



## Einarshúsið

Vestfirðir

Tveggja manna herbergi.

Verð frá 13.000 kr.

## Hvar fæst ferðaávísun?

Ferðaávísun fæst keypt undir FERÐAÁVÍSUN á Orlofsvefnum. Þar má finna nánari upplýsingar um þær ferðir og gistingu sem samstarfsaðilar okkar bjóða upp á.



## Íbúðin í Sóltúni tekin í gegn

Íbúð félagsins í Sóltúni fékk tímabæra yfirhalningu í haust. Skipt var um baðinnréttingu og salerni, baðkar var fjarlægð og sturta sett í staðinn. Íbúðin var parketlögð í heild sinni og máluð. Auk þess var skipt um húsgögn í stofu, svo sem sófa, skápa og sjónvarp. Þá voru húsgögn í eldhúsi einnig endurnýjuð. Það er von félagsins að endurbæturnar verði til þess að auka ánægju félagsmanna af dvölinni í Reykjavík. ●



## Aðalfundur 2022

Aðalfundur Byggiðnar verður haldinn fimmtudaginn 24. mars næstkomandi og hefst kl. 18:00. Fundurinn verður haldinn á Stórhöfða 31, Reykjavík, á jarðhæð og Skipagötu 14, Akureyri, á annarri hæð. Að loknum fundi verður boðið upp á kvöldverð. ●

### DAGSKRÁ FUNDARINS

1. Skýrsla félagsstjórnar.
2. Skýrslur fastanefnda.
3. Reikningar félagsins og skýrsla endurskoðenda.
4. Lagabreytingar og breytingar á skipulagsskrám sjóða, eftir atvikum.
5. Ákvörðun um félagsgjald og mælingagjald.
6. Kosning stjórnar, trúnaðarmannaráðs, uppstillingarnefndar, kjörnefndar og félagslegra skoðunarmanna reikninga félagsins.
7. Kosning fastanefnda.
8. Önnur mál.

### FRÉTTAMOLAR

## Húsbækur í orlofshúsin

Félagið hefur látið útbúa ítarlegar húsbækur í öll helstu orlofshús félagsins. Um er að ræða ítarlega upplýsinga-bæklinga um virkni húanna og um-gengnisreglur auk þess sem sögu staðarins og næsta nágrennis eru gerð skil. Þá er að finna í bæklingnum gagnlegar upplýsingar um þjónustu í nágrenni orlofshússins. Þar má nefna upplýsingar um sorplosun, fjarlægðir, nálæggar sundlaugar og golfvelli, veiðimöguleika og áhugaverða viðkomustaði á svæðinu. Það er von félagsins að bækurnar muni nýtast gestum vel. Ábendingar vegna bókana má senda á [baldur@ordaval.is](mailto:baldur@ordaval.is). ●



## Ný móttaka

Sameiginleg móttaka iðnfélaganna í Húsi Fagfélaganna var opnuð formlega með pompi og prakt þann 11. febrúar þegar formenn félaganna klipptu á borða af því tilefni. Með þessum áfanga er enn eitt skrefið stigið í átt að aukinni þjónustu við félagsmenn og hagræðingu í rekstri félaganna.

Á myndinni, sem tekin var við það tilefni, eru frá vinstri Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður RSÍ, Guðmundur Helgi Þórarinnsson formaður VM, Finnbjörn A. Hermannsson formaður Byggiðnar, Hilmar Harðarson formaður FIT og Óskar H. Gunnarsson formaður MATVÍS. ●